

Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F1 2024



Uppgjör fyrsta ársfjórðungs

Ágæt afkoma þrátt fyrir erfiðan vatnsbúskap

Hörður Arnarson
Forstjóri



„Rekstur Landsvirkjunar á fyrsta ársfjórðungi gekk vel miðað við aðstæður. Eftir tvö einstök rekstrarár í sögu fyrirtækisins er afkoman áfram góð.

Hagnaður af grunnrekstri nam 77,4 milljónum bandaríkjadala á fjórðungnum og minnkaði um tæp 29% frá sama tímabili í fyrra. Handbært fé frá rekstri nam 101 milljón dala og dróst saman um tæp 30%. Bæði hagnaður af grunnrekstri og handbært fé frá rekstri stóðust þó samanburð við fyrsta ársfjórðung 2022, sem þá var metár.

Erfið staða í vatnsbúskap fyrirtækisins og skerðingar sökum hennar settu nokkurn svip á afkomu Landsvirkjunar á ársfjórðungnum. Selt magn dróst af þeim sökum saman um 6% frá sama tíma í fyrra. Meðalverð til stórnotenda lækkaði einnig miðað við sama tímabil á síðasta ári. Lækkunina má að mestu rekja til þess að verðtenging við Nordpool-markaðinn í samningi við einn stórnotanda féll niður í lok síðasta árs. Rekstrartekjur á fyrsta fjórðungi drógust saman um 18% miðað við sama tímabil árið 2023.

Áfram batnar fjárhagsstaða Landsvirkjunar. Nettó skuldir lækkuðu um 95 milljónir bandaríkjadala frá áramótum og eiginfjárlutfall er hærra en nokkru sinni fyrr í sögu fyrirtækisins, eða 65,9%.“

Lykiltölur

Selt magn

3,5 TWst ↓ 6,1%

Rekstrartekjur

144 m. USD ↓ 18,1%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

77 m. USD ↓ 28,8%

Handbært fé frá rekstri


101 m. USD ↓ 29,8%

Nettó skuldir

602 m. USD ↓ 15,4%

Eiginfjárlutfall

65,9% ↑ 3,3 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F1 2024	F1 2023	%
Rekstrartekjur	143,7	175,4	-18,1%
EBITDA	105,2	138,0	-23,8%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	77,4	108,7	-28,8%
Raforkusala (TWst)	3,5	3,8	-6,1%


Rekstrartekjur á fyrsta ársfjórðungi lækka á milli ára sem skýrist aðallega af áhrifum orku- og hrávörumarkaða á verð til stórnotenda. Aðstæður á þessum mörkuðum hafa verið óvenjulegar undanfarin tvö ár og hafa leitt til þess að tekjur voru einstaklega háar. Þrátt fyrir lækkun eru tekjur sterkar í sögulegu samhengi.

Hagnaður af grunnrekstri (hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði) lækkar samhliða tekjum en er þó sterkur þegar horft er á sögulega þróun.

Rekstrartekjur



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




Efnahagur

Milljónir USD	F1 2024	F1 2023	%
Eignir samtals	3.641,3	3.815,4	-4,6%
Skuldir samtals	1.243,3	1.427,3	-12,9%
Nettó skuldir	601,9	711,3	-15,4%
Eiginfjárlutfall	65,9%	62,6%	3,3 prst.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar heldur áfram að styrkjast samhliða lækkun skuldsetningar og hafa nettó skuldir, þ.e. vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé, lækkað um 13,7% frá áramótum og 15,4% frá sama tíma í fyrra. Eiginfjárlutfallið að sama skapi heldur áfram að batna og hefur sögulega aldrei verið jafn hátt. Skuldsetning, mæld sem nettó skuldir á móti EBITDA, styrkist einnig og er komin í 1,3x.

Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F1 2024	F1 2023	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	102,3	132,2	-22,7%
Handbært fé frá rekstri	101,3	144,4	-29,8%
Fjárfestingar	8,1	6,6	23,5%
Fjármögnun	12,8	177,5	-92,8%

Fjármunamyndun heldur áfram að vera sterk þó hún lækki frá fyrra ári. Handbært fé frá rekstri lækkar um 30% á milli ára og nemur 101 m. bandaríkjadala á ársfjórðungnum.

